

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1245/1999

2001/EES/46/28

frá 16. júní 1999

um að leyfa ný aukefni í fóðri(\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 866/1999 <sup>(2)</sup>, einkum 9. gr. j og 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að leyfa ný aukefni eða nýja notkun aukefna með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni.
- 2) Í tilteknum aðildarríkjum hafa víðtækar prófanir farið fram á nýju aukefni, „natrólít-fónólít“, í flokknum „bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni“. Svo virðist sem unnt sé að heimila þetta nýja aukefni á grundvelli þeirra rannsókna sem fram hafa farið.
- 3) Annað nýtt aukefni, „klínóptílólit úr gosmyndunum“, í flokknum „bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni“ hefur verið prófað með góðum árangri í tilteknum aðildarríkjum. Heimila ber þetta nýja aukefni til bráðabirgða.
- 4) Heimilt er að leyfa ný aukefni eða nýja notkun aukefna til bráðabirgða ef efnin, í því magni sem þau eru leyfileg í fóðri, hafa hvorki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið né skaða neytendur með því að breyta eiginleikum búfjárafurða, ef unnt er að ganga úr skugga um tilvist þeirra í fóðri og telja má með réttu, með hliðsjón af fyrirbyggjandi niðurstöðum, að þau hafi hagstæð áhrif

á eiginleika fóðursins eða á búfjárframleiðslu þegar þeim er blandað í það.

- 5) Bráðabirgðaleyfi fyrir „natrólít-fónólít“ rann út þegar 21. apríl 1999. Því er nauðsynlegt, í því skyni að tryggja réttaröryggi, að kveða á um afturvirkni þessarar reglugerðar.
- 6) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE ber að heimila „natrólít-fónólít“, í flokknum „bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni“, sem aukefni, E 566, í fóðri í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE ber að heimila „klínóptílólit úr gosmyndunum“, í flokknum „bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni“, sem aukefni, nr. 3, í fóðri í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 22. apríl 1999.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. júní 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjútíð. EB L 150, 17.6.1999, bls. 15, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2000 frá 2. október 2000 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 59, 14.12.2000, bls. 1.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB L 108, 27.4.1999, bls. 21.

*I. VIÐAUKI*

EB-nr.	Aukefni	Efnafornúla og lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					innihald	innihald		
					mg/kg heilföðurs			

**Bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni**

E 566	Natrólít-fónólít	Náttúrleg blanda ál-silikata, alkali-, jarðalkali- og álhydrósílikata, natrólít (43-46,5%) og feldspats	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	25 000	Allt fóður	Leyfi án tímamarka
-------	------------------	---	---------------------------------	---	---	--------	------------	--------------------

*II. VIÐAUKI*

EB-nr.	Aukefni	Efnafornúla og lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					innihald	innihald		
					mg/kg heilföðurs			

**Bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni**

3	Klínopíflólít úr gosmyndunum	Kalsíumhýdrósílikat úr gosmyndunum sem inniheldur minnst 85% klínopíflólít og mest 15% feldspat, glimmer og leir og er laust við trefjar og kvars. Hámarksblýinnihald: 80 mg/kg	Svín	—	—	20 000	Allt fóður	30.9.1999
			Karínur	—	—	20 000	Allt fóður	30.9.1999
			Alifuglar	—	—	20 000	Allt fóður	30.9.1999